

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Fundargerð 5.fundur skólanefndar
2.mars 2004 – haldin á skrifstofu Grundarfjarðarbæjar

Mætt : Kjartan Páll Einarsson (formaður), Björg Ágústsdóttir, Sveinn Þór Elínbergsson, Sigríður Finsen, Guðbjörg Aðalbergsdóttir og Pétur Ingi Guðmundsson. Eyþór Benediktsson boðaði forföll, ekki náðist að boða varamann þar sem Sirrý Gunnarsdóttir boðaði líka forföll,

Formaður setti fund kl. 16.40 og bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega nýráðinn aðstoðarskólameistara Pétur Inga Guðmundsson.

Dagskrá fundarins:

1. Kynningarfundir
 2. Danmerkurferð Guðbjargar Aðalbergsdóttur
 3. Nemendahátíð 27.mars
 4. Önnur mál
-
1. Kynningarfundir verða haldnir í Grundarfirði og Snæfellsbæ í kvöld og á morgun. Haldnir voru fundir með nemendum 10.bekkjar , framhaldsdeild í Stykkishólmi og foreldrum þeirra í gær, góð mæting var á fundina og þeir vel heppnaðir.
 2. Guðbjörg sagði frá för sinni til Danmerkur þar sem hún heimsótti Hellerupskóla sem er byggður utan um hugmyndafræðina sem liggur að baki skólanum. Guðbjörg sagði ferð þessa hafa verið mjög gagnlega og telur að við séum tvímælalaust á réttri leið.
 3. Guðbjörg upplýsti að búið er að skipuleggja nemendahátíð væntanlegra nemenda skólans. Munu þau koma saman þann 27.mar s í samkomuhúsinu í Ólafsvík þar sem boðið verður ma. upp á bío, íþróttir, biljarð og pizzaveislu. Þetta er mikilvægur þáttur í að efla kynni væntanlegra nemenda skólans .
 4. Önnur mál :
 - a) Guðbjörg kynnti stöðu byggingarmála, byggingin er á áætlun, grunnur mun verða klár þann 20.mars, ekki er búið að semja endanlega við byggingaverktaka, samningar eru í gangi við Loft Orku í Borgarnesi. Búið er að fara yfir hvað verður tilbúið í ágúst.
 - b) Starfsmannamál : um miðjan mars verður auglýst eftir kennurum og strfsfólki fyrir skólann, reiknað er með hlutastöðu í sambandi við bóksafn, námsráðgjafa og íþróttakennslu. Áætlað er að æfingabúðir verði fyrir kennara í júní og ágúst, búið er að semja við Láru Stefánsdóttur á Akureyri um að stjórna æfingabúðum.

Fundi slitið um kl 18:00.